

Þjóðsögur: Baulaðu nú...

Til kennara

Búkolla og strákurinn

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna um Búkollu og strákinn og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Hvers vegna er þessi saga um þig?**“

Eftir hlustunina: Spyrjum nemendur einfaldlega: Hvað er svona merkilegt við þessa sögu? Ýmislegt mun koma í ljós, t.d. það, að allir þurfi að fara að heiman og sanna sig, standa á eigin fótum. Vinna litla sigra og jafnvel stóra sigra. Koma svo hugsanlega heim aftur eftir að hafa „hleypt heimdraganum“. Þetta er saga um okkur öll.

Örfá minnisatriði

Hafa má í huga að við fáum ekkert að vita um tíma eða stað. Það er einmitt eitt einkenni ævintýra: þau geta hafa gerst hvar sem er og hvenær sem er á fyrri tíð, sbr. upphafið: Einu sinni var... Þessi orð eru vísbending til okkar um að gefa okkur á vald hinu óraunverulega og ímyndaða; við megum gleyma stund og stað um sinn.

Ævintýri svipuð Búkollu fyrirfinnast í nágrannalöndum okkar og einkum hefur verið bent á Írland í því sambandi. En hvers vegna höfðar þetta ævintýri svona til okkar? Benda má á að kýrin var afar mikilvæg á hverju heimili. Það hlaut að vera gríðarlegt áfall ef nýborin kýr hvarf: með henni fór fæða fólksins. En fleira mætti nefna: Drengurinn neyðist til að yfirgefa öryggi heimilisins og halda brott. Segja má að þarna sjái hver sjálfan sig: allir þurfa að yfirgefa æskustöðvar og freista gæfunnar. Þetta er ferð okkar út í lífið. Stundum gengur ferðin vel og við komum heim aftur eftir að hafa unnið einhvern sigur. Þannig er um drenginn í Búkollusögunni. Og nú hefur afstaða foreldranna til hans breyst.

Drengurinn er bara venjulegur en sennilega góður strákur (eins og flestar hetjur ævintýra). Það er kýrin sem bjargar honum (enda hafði hann bjargarð henni!). Þetta er töfradýr sem skilur mannamál, kann að tala og getur beitt göldrum. Töfrar eru óaðskiljanlegur hluti ævintýra.

Bygging Búkollusögunnar er sterk. Kynningin er knöpp (við tökum eftir að þar eru eingöngu aðalsetningar). Meginmálið er rammað inn af tvöfaldrí þrítekningu með vaxandi spennu bæði á leið heiman og heim. Að endingu lokast hringurinn. Síðasta málsgreinin lýsir í örstuttu máli gleðinni yfir heimkomu sonarins.

Efnisspurningar

1. Nefnið tvennt sem nautið afrekaði.
2. Átti skessan bæði strák og stelpu?
3. Nefnið alla í sögunni sem áttu afkvæmi.
4. Nefnið nokkur dæmi um andstæður í sögunni (dæmi: naut – kýr).

Svör

1. Nautið afrekar að þurrka upp ána (drekka allt vatnið) og síðan að slökkva eldinn með því að míga á hann.
2. Skessan átti bara stelpu.

3. Karl og kerling, kusa, tröllkarlinn (pabbi skessunnar), skessan (hún virðist vera móðir litlu skessunnar).
4. Karl – kerling; litla skessan – stóra skessan; eldur – vatn; heima – heiman o.s.frv.

Orðskýringar

Skoðið merkingu orðanna: *Einu sinni...* í fyrstu og annarri efnisgrein. Merkja þessi orð eitt og hið sama í setningunum tveimur?

Svar: Orðin „Einu sinni“ í upphafi sögunnar merkja: „Fyrir langalöngu“. En í byrjun annarrar efnisgreinar merkja sömu orð („einu sinni“): „Eitt sinn“/ „Svo gerðist það eitt sinn“.

jafnnær: engu nær

En þegar kýrin var borin og heil orðin hljóp kerling inn í bæinn. Skömmu seinna kom hún aftur til að vitja um kúna. En þá var hún horfin. Fara þau nú bæði, karlinn og kerlingin, að leita kýrinnar...

Orðið *kýr* er hér í þremur mismunandi föllum. Hvaða föllum? Hér má athuga eintölu og fleirtölu, með og án greinis. Spyrja má hvert sé fjórða fallið.

Setjið upp beygingardæmi orðsins *kýr* í eintölu og fleirtölu, með og án greinis. [Með þessu orði er tilvalið að þjálf hugtökin nafnorð, fall, tölu, með greini og án greinis.]

Benda má nemendum á að skoða beygingu í orðabókum og á slóð Orðabókar Háskólans, <http://www.lexis.hi.is/beygingarlysing/>.

éta: Ræðið muninn á *borða* og *éta* (eta).

Sumir eru neikvæðir gagnvart sögninni að *éta* (eta). En hafa má í huga að í gömlum textum er sú sögn afar algeng, ekki aðeins þegar talað er um dýr, heldur einnig menn.

bálkur: (hér) skilveggur eða lágur hlaðinn veggur

móða: (hér) á, fljót

Til samanburðar og glöggvunar má minna á orðasambandið að ‘fara yfir móðuna miklu’ (deyja); það tengist þeirri fornu trú að leiðin yfir í annan heim liggir yfir mikið fljót.

ógnastór: Hvaða orðflokki tilheyrir ‘ógnastór’? Hvernig er orðið myndað?

Svar: „Ógnastór“ er samsett lýsingarorð. Fyrri hluti þess er nafnorðið *ógn* (=skelfing, hræðsla, ótti) í ef.ft.: Skessan er skelfilega stór.

Tíðir

1. Hann **gekk** nú lengi, lengi, þangað til hann **settist** niður og **fór** að éta. Þá **segir** hann...
Hvað er að segja um tíðanotkunina?

Svar: Gott dæmi um það hvernig sögumenn færa sig gjarnan úr þátíð í nútíð (það gerist gjarnan þegar til tíðinda dregur).

2. *meig.*

Greinið frá orðflokki, beygingu og tíð.

Kannast einhverjir við þátíðina ‘mé’?

Hvaða orð sömu merkingar og *míga* er oftast notað nú um stundir?

Skiptir máli hvort orðið er notað um menn eða skepnur?

Svar: Sögnin *míga – meig – migum – migið* er gott dæmi um sterka sögn í fyrstu hljóðskiptaröð (í – ei – i: alltaf einfalt i!). Sögnin *míga* er gjarnan notuð um dýr (Er ekki hálf-asnalegt að segja að hundar pissi?!).

Orðaröð

Hvað er að segja um þessa orðaröð:

Voru þau þá stýgg í skapi... Sest hann þá enn niður...

Varð þá hárið að svo háu fjalli... Borar þá skessan gat á fjallið.

Hafið í huga að í þjóðsögum er þetta nokkuð algengt og gæti tengst því að ná auknum krafti og jafnvel hraða í frásögnina.

Greinarmerki

Setjið upphafsstafi og greinarmerki í eftirfarandi texta þar sem við á.

(Munið eftir spurningarmerkjum og íslenskum gæsalöppum! Munið einnig að ávarp þarf að afmarka með kommu.)

Þá segir hann hvað eigum við nú að gera búkolla mín taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina segir hún hann gerir það þá segir búkolla við hárið legg ég á og mæli ég um að þú verðir að svo stóru báli að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi og undireins varð hárið að báli þegar skessan kom að bálinu segir hún ekki skal þér þetta duga strákur

Málotkun

Hann klifrast þá ofan hamrana...

Hvernig myndu flestir segja þetta nú á dögum?

Í hverju er munurinn fólgin?

Svar: Við segjum líklega núna: „Hann klifrar niður hamrana“. Í sögunni er sögin í miðmynd: *klifrast*. Smáorðið *ofan* (=niður) er ekki notað mikið í daglegu tali lengur (og þó: ég fékk vitrun að ofan/ofan frá).

Sköpun

Mælt er með e.k. sköpun, munnlegri (og leikrænni) eða skriflegri (sjá skrifleg æfing).

Tillaga: Hópurinn hlustar á söguna (lesna af kennara eða Skólavefnum) og hluti bekkjarins leikur valin atriði, valdar senur. Þetta yrðu þá eins og svipmyndir úr sögunni. Þetta þarfnast ekki mikils undirbúnings en gæti orðið skemmtilegt, jafnvel fyndið: Drengurinn rekinn að heiman, nautið mígur á eldinn o.s.frv.

Munnleg æfing

Endursegið söguna fyrir framan hóp nemenda (í stærri eða minni hóp eftir atvikum).

Hafið í huga að mikilvægt getur verið að sumt sé orðrétt haft eftir. Þetta á einkum við um beina ræðu. Þar er oft um meitlaðar og hljómmiklar setningar að ræða. Takið t.d. eftir stuðluninni í *hár úr hala mínum og fuglinn fljúgandi*.

Skrifleg æfing

1. Gerið tíu lína *útdrátt* úr ævintýrinu.
2. Skrifðu stutta nútímasögu í anda Búkollusögunnar. Þar kæmi til greina að hafa samúð með einstæðu móðurinni, tröllskessunni (kannski er hún líka fátæk).

Hafið í huga upphaf – miðju – endi.

Hugleiðing

Skrifið örstutta hugleiðingu um líðan drengsins eftir að foreldrar hans hafa rekið hann að heiman.

Velvakandi og bræður hans

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna um Velvakanda og bræður hans og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Hvaða orð koma upp í hugann sem lýsa sögunni?**“

Eftir hlustunina: Kennari spyr: „Hvaða orð koma upp í hugann að loknum lestrinum? Svör gætu m.a. verið: samstaða, laun dygðanna, heppni, góðu öflin sigra. Einnig má búast við umræðu um að „litli maðurinn“ eigi möguleika í lífinu, geti náð langt ef hann lifir og breytir skynsamlega.

Nöfn persóna í ævintýrum tengjast oft aðstæðum, t.d. hæfileikum persóna (sbr. *Velvakandi*), klæðaburði (Rauðhetta) eða útliti (Mjallhvít). (Þetta er öðruvísi í þjóðsögum; þar eru persónur „nær“ okkur, heita kannski sömu nöfnum og við.)

Örfá minnisatriði

Þetta ævintýri segir frá kotungssonum sem enda í kóngsríkinu; jafnvel hinn smái á möguleika í lífinu. Dæmigert ævintýri um laun dygðanna; það þarf oft ekki mikið til að gera góðverk: í þessu tilviki nægri að gefa ferðalangum eitthvað að drekka. En þar er greinilega einhvers konar örlagavaldur á ferð. Þá er sagan gott dæmi um mikilvægi samstöðu: Bræðurnir standa saman. Segja má að þeir séu allir í sama *hlutverkinu*, þ.e. fimm *persónur* í einu hlutverki; svipað er að segja um prinsessurnar. – Eins og í svo mörgum ævintýrum er hér talað um meyjaskemmu sem vel er gætt: Faðirinn hefur áhyggjur af dætrum sínum og vill ekki að neinum óviðkomandi sé hleypt inn til þeirra. Þetta endurspeglar þau almennu sannindi að faðirinn á oft erfitt með að sætta sig við gang lífsins: að dæturnar vilji losna undan valdi hans.

Orðskýringar

renta fylgir nafni (renta: vextir): þeir heita e-ð með réttu; standa undir nafni sínu

Bræðurnir heita nöfnum sem koma undarlega fyrir sjónir

Skrifið þau upp og lýsið hvernig þau eru mynduð.

[Byrja öll á **Vel-** og enda öll á **-andi**; **Vel-** er atviksorð, orðið er því samsett, en **-andi** er upphaflega beygingarending, lýsingarháttur nútíðar, en hér notað sem viðskeyti á sama hátt og **-ari** er viðskeyti í orði eins og kennari.]

framast: leita sér frægðar og frama

þeir biðja kónginn veturvistar:

Hvaða orðflokkur er ‘biðja’?

Í hvað persónu, tíð og tölu er orðið?

[Athuga má að biðja er sögn í 3. persónu, fleirtölu, nútíð – og lítur út alveg eins og nafnháttur.]

Í hvaða föllum eru orðin ‘kónginn’ og ‘veturvistar’? Hvers vegna?

[Hér má tala um áhrifssögn, fallvald, andlag, tvö andlög.]

Svar: Sögnin *biðja* stýrir tveimur föllum (þf. og ef.): biðja einhvern einhvers (sagnir sem stýra föllum heita *áhrifssagnir*: hafa áhrif á föllin!).

rammgjör: sterklega byggður, traustur

Ríma einhver orð í næstsíðustu málsgrein?

Svar: Orðin *lengi* og *gengi* ríma. Það gerist stundum í lok ævintýra að orð ríma, sbr. köttur úti í *mýri* úti er ævintýri. Við bregðum aðeins á leik í lokin, lyftum stílnum örlítið!

Lesið síðustu málsgreinina: *Og nú er þessi saga úti*.

Hvað er athyglisvert við málsgreinina? Hugið einkum að orðunum ‘Og’ og ‘úti’.

Svar. „Og nú er þessi saga úti“. Hér merkir *úti* annað en vanalega: búin! Dálítið skrítið þetta *Og* í byrjun síðustu málsgreinarinnar: það er ekki verið að tengja neitt saman! Þetta *og* merkir eiginlega: jæja krakkar mínir (nú er sagan búin)!

Tíðir

Ljós var í skemmunni og hún harðlæst. Fyrri part nætur sér Velvakandi að skugga ber á einn skemmugluggann...

Hugleiðið tíðanotkun í sögunni (nútið og þátíð; söguleg nútið).

Takið eftir að gripið er til nútíðar þegar til tíðinda dregur.

Orðaröð

1. *Heiti þessi gef ég ykkur.*

Setjið í eðlilega orðaröð.

Hér má hafa í huga föll fallorðanna og fallvaldinn.

Benda má á að sögnin stýrir bæði þágufalli og þolfalli.

Eðlileg orðaröð: frumlag – umsögn – andlag.

Andlagið er tvískipt: *ykkur* (þgf.) og *þessi heiti* (þf.).

Orðaröðin skiptir máli. Hér er orðið *heiti* sett fremst til að gefa því aukið vægi. Orðaröðin er þannig mikilvægt stílfraðilegt atriði.

Finnið a.m.k. tvær málsgreinar þar sem sögnin (umsögnin) stendur fremst.

Svar: Byrjum á að setja í rétta (sjálfgefna) orðaröð: Ég gef ykkur þessi heiti (*frumlag – umsögn – andlag*). Sögnin að *gefa* stýrir tveimur föllum, þ.e. þgf. og þf. (hún er *fallvaldur*; hún er *áhrifssögn*).

2. *Voru þeir þá staddir við hellsimunna stóran.*

Hér stendur lýsingarorðið á eftir nafnorðinu sem það á við. Þannig er vikið frá eðlilegri orðaröð. Þetta hefur þau áhrif að stíllinn verður dálítið upphafinn og hátíðlegur í eyrum nútímahlustenda.

Svar: Dæmi um málsgreinar sem byrja á sögn: **Uxu** nú bræðurnir upp hjá foreldrum sínum... / **Lögðu** þeir nú á stað.....

Kyn orða

1. *Síðan kvaddi kerling bræðurna.*

Berið þessa setningu saman við eftirfarandi setningar:

Hann sefur vel á næturnar/ Hann býr á Spáni á vetrurna.

Hvenær er endingin **-nar** og hvenær **-na**?

Svar: bræðurna (kk.þf.ft.): *hina* góðu bræður/bræður mína

á vetrurna (kk.þf.ft.): *hina* góðu vetur

á næturnar (kvk.þf.ft.): um *hinar* góðu nætur/ mínar nætur

2. *Þegar foreldrarnir komu heim spurðu þau ...*

Hér er um að ræða spurninguna um hvort betra sé að nota málfræðilegt eða líffræðilegt kyn. Athugið í þessu sambandi setningar eins og: Skáldið og móðir þess/ skáldið og móðir hans.

Andstæður

Var önnur þeirra dável feit en hin skinhoruð.

Bendið á fleiri andstæður í ævintýrinu. Bendið einnig á hliðstæður.

Svar: Andstæður: karl og kerling – kóngur og drottning/ vaka – sofa/ ljós – skuggi

Hliðstæður: fimm bræður í sambærilegum hlutverkum/ endurtekin atvik, sbr. ránið á kóngdætrunum

Umræða

Þeir biðja kónginn veturvistar, en segjast vilja fá hana annaðhvort allir eða enginn.

1. Ræðið um mikilvægi samstöðu út frá ævintýrinu um Velvakanda. Ræðið einnig um laun dygðanna í nútímanum.
2. Hvað er að segja um stöðu kóngsdætra? Eru þær spurðar álits um eigin örlög?
3. Getið þið nokkuð sagt um mildar tilfinningar í heimi tröllanna?

Svar: Kóngsdætur virðast ekki vera spurðar (kóngurinn virðist ráða þessu). En nokkuð ljóst er það að dætur hans hafa ekkert á móti því að giftast strákunum. Tröllskessan grætur af því að maðurinn hennar þjáist.

Skrifleg / munnleg æfing

Skrifið (eða segið) söguna út frá sjónarmiði skessunnar eftir að bóndi hennar missti höndina.

Samanburður

Berið saman upphaf Búkollu og Velvakanda og bræðra hans. Hvað er líkt? Lítið síðan á sögurnar í heild og segið í einni eða tveimur málsgreinum hvað sé sameiginlegt með þeim.

Svar: Ævintýrin tvö byrja alveg eins: „Einu sinni var karl og kerling...“ Í báðum þessum ævintýrum fara aðalpersónur að heiman og vinna afrek og fá vissa umbun fyrir. Í báðum ævintýrunum má tala um yfirnáttúrlega aðstoð (kýrin/ gamla konan). Tröll birtast okkur í báðum sögunum.

Efnisspurningar

1. Hvert er upphafið að gæfu bræðranna?
2. Hvað hét sá bróðirinn sem rakti spor tröllsins?
3. Hver var „ógnarlega stór og hrikaleg“? Greinið orðin í gæsalöppunum í orðflokka.
4. Hvernig gátu bræðurnir fengið skessuna til að samþykkja að hún yrði bundin?
5. Bendir eitthvað í sögunni til þess að tröll séu heimsk?
6. Voru tröllin mannætur? Rökstyðjið svarið.

Svör

1. Hjálpssemi þeirra við kerlinguna (þeir gáfu henni að drekka)
2. Velsporrekjandi
3. Höndin á tröllkarlinum (Orðflokkar: ógnarlega (ao) stór (lo) og (tenging) hrikaleg (lo))
4. Bræðurnir sögðu henni að það mætti enginn fylgjast með þeim við lækninguna, og því yrðu þeir til öryggis að binda alla sem nálægir væru
5. Já, það að tröllskessan skyldi trúa bræðrunum og láta þá binda sig.
6. Já. Tröllinn ætluðu að hafa kóngsdótturina í jólamatinn.

Hugleiðing

Lýsið hugsunum feitu prinsessunnar rétt áður en hún finnst. (Beitið 1. persónu frásögn: Mér líður hryllilega...)

Tröllin á Vestfjörðum

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna um tröllin á Vestfjörðum og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Nefnið nokkur atriði í landslaginu sem hafa haft áhrif á myndun þessarar sögu.**“

Að loknum upplestrinum: Nemendur telja upp þessi helstu atriði: eyjarnar á Breiðafirði, firðina tvo sem ná „næstum því“ saman, Grímsey á Steingrímsfirði, klettadrangana o.s.frv.

Notum landakortið til að skýra þetta betur: Gilsfjörð, Kollafjörð o.s.frv.

Kennarinn: Þegar þið voruð lítil, langaði ykkur þá ekki að vita hvers vegna þetta væri svona en hitt hinsegin?

Í „Örfáum minnisatriðum“ er bent á hvað tröllasögur líkjast *goðsögum* á margan hátt: þetta eru gjarnan sköpunarsögur: við skýrum fyrirbæri í umhverfi okkar með sögu.

Örfá minnisatriði

Tilvalið er að tengja þessa sögu landafræði. Hér erum við komin út úr heimi ævintýranna og höfum fast land undir fótum: við erum stödd á tilteknum stað á Íslandi, reyndar á tveimur stöðum samtímis því að tvennum sögum fer fram. Við tökum jafnframt eftir því að ekkert mannfólk tengist þessari sögu. Við getum hugsað okkur að hún gerist áður en menn koma til landsins. Það er eins og tröllin séu að ganga endanlega frá útliti landsins með sköpun fjarða og eyja. Því má segja að þetta sé *sköpunarsaga* í anda goðsagna. Munurinn er sá að goðsögur, t.d. eins og þær birtast í *Snorra-Eddu*, tengjast gjarnan sköpun heimsins og skýra almenn fyrirbæri eins og flóð og fjöru, dökk eða jarðskjálfta en tröllasögur tengjast tilteknum fyrirbærum í nánasta umhverfi okkar (eins og eyjunum á Breiðafirði). Við getum því sagt að sumar tröllasögur séu staðbundnar goðsögur eða *mýtur* sem greina frá sérkennum í landslagi, t.d. þar sem tröll hefur orðið að steini. Minnumst þess að gott er að geta skýrt hið óskýranlega með góðri sögu.

Orðskýringar

...*eins og berjaskyr á Breiðafirði*: Viðlíking af þessu tagi gefur sögunni léttan blæ. Bendið á fleiri dæmi um kímni í textanum.

Svar: Það er rætt um kímni í þessari sögu, sbr. það að eyjarnar minni á berjaskyr. Það er líka broslagt þegar reiði tröllkonunnar er lýst þar sem hún rekur skófluna í fjallið þannig að úr því hrynur og eyjan Grímsey á Steingrímsfirði verður til.

verða nauamt fyrir: verða seinn fyrir

niðurhlutur: pils

reka: skófla

grellsköp: bræði, reiði

að af því bergi sé hún brotin: hér má segja að orðasambandið sé notað í bókstaflegri merkingu. – Finnið dæmi um þetta orðasamband í afleiddri merkingu.

Svar: Eyjan er **brotin af bergi** í bókstaflegri merkingu. Þetta *orðtak* er annars notað í óeiginlegri merkingu. Dæmi: Hann er *af erlendu bergi brotinn*: hann á rætur að rekja til útlanda. Hún er *af sama*

bergi brotin (og einhver önnur): hún á rætur að rekja til sama lands eða sams konar fólks og einhver önnur.

Skýrið málsháttinn *Aumt er eins liðið* (takið eftir stuðluninni: au – ei).

Svar: *Aumt er eins liðið*. Málshátturinn merkir: Það er erfitt að vinna einn (og njóta ekki liðsinnis annarra). Bendum á hljóminn sem stuðlunin veitir: au – ei.

hún gáði sín ekki:

Hvernig er sagnmyndin 'gáði' í nafnhætti? Kynnið ykkur það í orðabókum eða í Orðabók Háskólans á netinu,

<http://www.lexis.hi.is/beygingarlysing/>

[Athugið að hér þarf að leita í reit sem heitir Orðmynd.]

Svar. *Hún gáði sín ekki*. Nafnhátturinn er *gá* (óvenjulegt að nh endi ekki á *a*, en við þekkjum sagnir eins og *sjá*, *tjá*, *þrá* o.s.frv.

Landafræði

1. Skoðið vel landakort af söguslóðunum og hugið jafnframt að þeim sérkennum í landslagi sem sagan greinir frá. Finnið á landakorti öll örnefni sem koma fyrir í sögunni.

2. Mælið vegalengdina milli Gilsfjarðarbotns og Kollafjarðarbotns. Er mögulegt að fara styttri leið milli fjarða en hér er valin?

3. Hvað er það þrennt á Íslandi sem er óteljandi samkvæmt þjóðtrúnni?

Svar: Gefum okkur tíma í landafræðina. Nemandi sem hefur kynnt sér þessa sögu og þær náttúruaðstæður sem lýst er getur gerst „leiðsögumaður“ foreldra sinna þegar farið verður í sumarfrí! Mælum stystu vegalengd milli fjarða að vesta og austan!

Þjóðtrúin kennir okkur að þrennt sé óteljandi á Íslandi: eyjarnar á Breiðafirði, vötnin á Arnarvatnsheiði og hólarnir í Vatnsdal.

Skrifleg æfing

Semjið frásögn af íþróttakeppni í anda þessarar sögu.

(Hafa mætti í huga keppni milli sterkustu manna heims.)

Efnisspurningar

1. Hver var tilgangurinn með framkvæmdum tröllanna? Nefnið tvennt.
2. Hvernig myndaðist Grímsey á Steingrímsfirði samkvæmt því sem sagan segir?

Svör

1. Tilgangurinn var sá að gera sund milli Vestfjarða og „hins landsins“. Einnig ætluðu tröllin að búa til eyjar.
2. Grímsey á Steingrímsfirði myndaðist á þann hátt, að tröllskessan setti rekuna (skófluna) í fjallið Horn þannig að úr því sprakk og eyjan myndaðist.

Upptök Drangeyjar

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna um Upptök Drangeyjar og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „Hvað merkja orðin að *daga uppi?*“

Eftir lesturinn biður kennarinn um skýringu á orðasambandinu eins og það er notað í sögunni (verða að steini þegar sólin kemur upp) og síðan í afleiddri merkingu (verða of seinn fyrir, verða ekki lokið; til dæmis dagar frumvarpið upp í nefnd, þ.e. fær ekki afgreiðslu, verður ekki að lögum).

Hvað er það sem veldur því að saga eins og þessi myndast? Svar: Er það ekki útlitið? Það þarf ekki mikið ímyndunarafli, þegar horft er á Drangey, til að láta sér detta kúr í hug, maður talar nú ekki um meðan klettadrangar stóðu sitt hvorum megin við hana. Það var alltaf verið að teyma kú (einn að teyma, annar að reka á eftir)!

Gott er að minna á að nú er *Karlinn* við Drangey hruninn (en hann var það auðvitað ekki þegar sagan myndaðist). Hann hrundi í jarðskjálfta seint á 18. öld.

Í „Örfáum minnisatriðum“ eru nefndar ýmsar sögur sem tengjast Drangey. Til greina kæmi að láta einhverja nemendur finna söguna af Guðmundi góða og endursegja: *Vígð Drangey* (Þjóðsögur Jóns Árnasonar (I:138–140). Þá væri ekki amalegt að fá einhverja til að fara í Grettis sögu og undirbúa frásögn af dauða Grettis og Illuga bróður hans í Drangey. Illugi deyr hetjudauða eftir að hinn fársjúki Grettir hafði verið felldur; óvinirnir vildu láta hann sverja að hefna ekki bróður síns. En Illugi hló bara að þeim – og var þá drepinn.

Örfá minnisatriði

Ýmsar þekktar sögur eru til um Drangey; má t.d. minna á sögurnar *Vígð Drangey* og *Upptök Drangeyjar* (JÁ I:138–140 og 199–200); sú síðarnefnda er tilbrigði við þá sögu sem hér er. Gaman er að líta á sögurnar af Drangey í tímaröð. Þær sögur, sem snerta upphaf eyjarinnar, eru n.k. sköpunarsögur sem greina frá því hvernig eyjan og drangarnir urðu til. Þar kemur mannfólkið ekkert við sögu enda má hugsa sér að þá hafi engir menn verið á Íslandi. Þá má minna á sögur sem tengjast Gretti sterka sem felldur var í Drangey snemma á 11. öld eins og greint er frá í Grettis sögu. Loks er svo frásögnin af Guðmundi biskupi góða (d. 1237) sem vígði Drangey til að tröllin gætu ekki grandað þeim sem þar voru við eggjatöku og fulgaveiðar.

Drangey var matarkista Skagfirðinga (svartfugl og egg) þegar lítið var um annað nýmeti á vorin. Í einni sögu er eyjan kölluð ‘snemmbæra’ (kúr sem ber snemma vors) og á sú nafngift vel við ef haft er í huga að Drangey hafi myndast við það að kú dagaði uppi á miðjum firðinum.

Orðskýringar

faðmur: um 167 cm

Skoðið orðið *sjóarhamrar*. Hvernig er það myndað?

Finnið í orðabókum og í Orðabók Háskólans á netinu mismunandi myndir og beygingu orðsins sjór. [Hér má benda á sjór, sær, sjár og beygingu þessara orðmynda.]

Svar: *Sjóarhamrar*: fyrri hluti þessa samsetta orðs er eingarfallið af *sjór* (*sjóar*; nú mundum við sennilega segja *sjávar*). Semsagt: eignarfallssamsetning.

bjuggu forðum kall og kelling. Hvað er athyglisvert við stafsetningu feitletruðu orðanna? [Áhrif talmáls á ritmál.]

Svar: Orðin *kall* og *kelling* eru hér skrifuð undir áhrifum frá talmáli (án r-hljóðsins). (Sjá líka orðið *valla* neðar á síðunni.) Hafa má bak við eyrað að ef skrifað væri alveg eftir framburði, kæmi d-hljóð inn: *kadl*. Já, eða *kardl*. En upphaflega hafa menn sagt k-a-r-l (og þannig er orðið stafsett).

yxna: (um kú) viljug til eðlunar

vika sjóar (sjávar): vegalengd sem róin var milli þess sem skipt var um ræðara. Með því að mæla vegalengdina frá Þórðarhöfða til Tindastóls og deila í hana með fjórum má fá hugmynd um hvað ein vika sjávar er löng.

valla: varla. Hér er orðið skrifað með tilliti til framburðar.

Rifjið upp beygingu á orðinu *kýr*.

Landafræði

1. Finnið örnefni á landakorti og athugið útlit Drangeyjar og hæð. Karlinn, þ.e. drangurinn norðan við eyna, hrundi í jarðskjálfta seint á 18. öld.

2. Hvað er líkt með Drangeyarsögunni og sögunni af tröllunum á Vestfjörðum? Koma menn hér við sögu?

Svar: Drangeyarsagan og sagan um tröllin á Vestfjörðum eiga það sameiginlegt að þar er greint frá sköpun eða uppruna tiltekinna fyrirbæra í náttúru landsins. Í hvorugri sögunni koma menn við sögu. Við getum hugsað okkur að atburðirnir gerist löngu áður en menn koma til sögunnar – meðan landið er enn í mótun.

3. Hvað er Þórðarhöfði hár í metrum talið? Hvað er langt frá Þórðarhöfða að Tindastóli?

Svar: Þórðarhöfði er 202 m á hæð. Það eru tæpir 15 km milli Þórðarhöfða og Tindastóls. Drangey er þar mitt á milli. Drangey er tæpir 200 m á hæð (hún er því ekki alveg eins há og segir í sögunni þar sem talað er um 150 faðma). Ef fjarlægðin milli Þórðarhöfða og Tindastóls er um 15 km og ef það eru fjórar vikur sjávar (eins og segir í sögunni), þá er *vika sjávar* um 4 km.

4. Finnið aðra eyju á Skagafirði. Hvað heitir hún? Eru til nokkrar sögur um hana? Hvaða hjátrú tengist henni? (Sjá söguna Málmevjarkonan, JÁ I:501–502.)

Svar: Málmev er einnig á Skagafirði, norðvestur af Þórðarhöfða. Þjóðtrúin segir að ekki megi búa í Málmev lengur en 20 ár, annars fari illa. Sagan um Málmevjarkonuna er m.a. til vitnis um það. Tröll tóku húsfreyjuna í Málmev og fóru með hana norður í Ólafsfjarðarmúla. Þar gekk hún í bland við tröllin, sjá JÁ I:501–502.

Verkefni

1. Kannið söguna Vígð Drangey (JÁ I:138–140) og rökstyðjið að hún sé umhverfisverndarsaga. Hvað er það í þeirri sögu sem á að vernda?

2. Á margar feiri þjóðsögur má líta sem umhverfisverndarsögur. Flettið upp orðinu ‘bannhelgi’ (álagablettir) í atriðaskrá JÁ VI:263 og reynið að finna sögur um álagabletti (t.d. þar sem ekki mátti heyja eða hrófla við steinum).

Svör

Í sögunni vígð Drangey kemur fram að Guðmundur biskup sættist á að vígja ekki allt bergið í Drangey. Í óvígða hlutanum, sem kallast *Heiðnaberg*, má enginn veiða fugl eða taka egg. Þannig má segja að komið hafi verið í veg fyrir ofveiði, rányrkju. Menn byrjuðu snemma að huga að náttúruvernd!

Fjölmargar þjóðsögur eru um bannhelgi, ekki síst *álfasögur*. Það mátti t.d. ekki heyja á sumum hólum sem taldir voru bústaðir álfa. Þessar sögur hafa kennt fólki að ganga af virðingu um landið.

Efnisspurning

Í hvaða tilgangi fóru karl og kerling með kúna í þessa ferð?

Svar

Tröllin fóru með kúna yfir fjörðinn til að komast í naut, því kýrin var yxna.

Gilitrutt

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna um Gilitrutt og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Hvaða lærdóm er ætlast til að við drögum af þessari sögu?**“

Að loknum upplestrinum:

Þegar hlustað hefur verið á söguna spyr kennarinn einfaldlega um *boðskap* hennar sem er m.a. sá að menn verði að gæta tungu sinnar, lofa ekki upp í ermina á sér. En einnig felst í orðum sögunnar að það getur farið illa fyrir þeim sem er latur. Þá má benda á að það að læra af mistökum er dýrmætt: Konan varð bæði „iðjusöm og stjórnsöm“ eftir þessa erfiðu reynslu.

Gilitrutt er ein af þessum sívinsælu sögum sem öll börn heillast af, allt frá leikskólaaldri. Í einum leikskólanna er þessi saga aðalviðfangsefnið svo vikum skiptir. Barn í þessum leikskóla var eitt sinn eitthvað ósátt við framgöngu móður sinnar og sagði við hana: „Þú ert bæði duglaus og dáðlaus.“

„Að leika sér að eldinum.“ Gilitrutt segir nafn sitt upphátt í gleði sinni yfir væntanlegum feng. Margir fara óvarlega, t.d. þegar þeir tala of mikið í áheyrn of margra. Orðin fréttast – og þá fer gjarnan illa. Sama er að segja um fleira, t.d. glannalegar myndir sem sendar eru einhverjum í trúnaði; innan skamms er myndin komin í alla miðla.

Gilitrutt fagnaði of fljótt.

Bóndinn er nokkuð harðlyndur. Hann segir konu sinni ekki strax frá þeim ánægjulegu upplýsingum sem hann hefur fengið. Og hann neitar að vera hjá henni þegar von er á Gilitrutt. Þannig beitir hann konuna refsingu. En auðvitað veit hann að allt muni fara vel – því hann var búinn að komast að nafni Gilitruutar.

Um söguna

Þessi tröllasaga er ólík tveimur hinum fyrri að því leyti að hér er mannfólkið komið í leikinn. Gilitrutt er dæmi um óvinveitt tröll sem vill ná húsfreyju á sitt vald. Rétt er að hafa í huga að sagan af Gilitrutt á sér hliðstæður í öðrum löndum. Í Grimmsævintýrum er t.d. sagan af dverginum Rumpelstilzchen (Hrossabresti) sem beitir sömu brögðum og Gilitrutt; þar er reyndar ekki um íslenska húsfreyju að ræða heldur unga drottningu. Í báðum sögunum kemur fram að það er eins og unnt sé að ná valdi á andstæðingi sínum ef maður veit nafn hans. Jafnframt vekur athygli að óvinurinn leikur sér að eldinum með því að segja nafn sitt upphátt; það gæti minnt á þann glæfralega leik trölla að henda fjöreggi sínu á milli sín.

Við tókum eftir því að ekki er greint frá bæjarnafni eða nöfnum hjónanna í sögunni af Gilitrutt, hvað þá nákvæmri tímasetningu (sbr. upphafið: „Einu sinni ...“). Þetta tímaleysi og nafnleysi minnir einmitt á ævintýrin. Það er einungis staðsetningin undir Eyjafjöllum sem færir þessa sögu í íslenskt umhverfi og gerir hana þar með að tröllasögu en ekki ævintýri. Þannig má sjá að oft eru ekki mjög skörp skil milli ævintýra og þjóðsagna.

Orðskýringar

Gilitrutt. Undarlegt kvenmannsnafn.

Hvernig gæti það verið myndað?

Hvernig myndir þú fallbeygja nafnið?

Svar: *Gilitrutt* er sérkennilegt nafn. Fyrri hluti þess gæti tengst gili þar sem tröll kunna að eiga sér bústað. Orðið *trutt* finnst ekki í orðabókum en það líkist orðinu *trunt* sem kemur fyrir í sögunni *Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum*. Sennilega er eignarfallið *Gilitruutar*.

sauðganga: bithagar

nýkvæntur: löngum hefur verið gerður greinarmunur á kvæntur og gift: karlar kvænast (sbr. *kvonfang* og orðið *kvon* sem merkir eiginkona) en konur giftast (sbr. sögnina að gefa. „Ung var ég gefin Njáli,“ sagði Bergþóra). Nú er sögnin *giftast* notuð bæði um konur og karla.

duglaus og *dáðlaus*: Hvað merkja þessi orð?
Hvað kallast það þegar tvö orð byrja á sama bókstaf?

Svar: Lýsingarorðin *duglaus* og *dáðlaus* tengjast *dug* (sbr. dugnaður, kjarkur) og *dáð* (sbr. hetjudáð, afreksverk). Orðin mynda hliðstæðu; þau *stuðla* og það gefur þeim aukinn kraft.

voð: ofið klæði

vaðmál: efni ofið úr ull

ámálga: minnast á

kona og *kerling*: Hver er merkingarmunur orðanna eins og húsfreyju og Gilitrutt er lýst í sögunni?

Svar: Orðið *kerling* hefur hér greinilega neikvæðari merkingu en *kona*: kerling er notað um skessuna, kona um húsfreyju. Sennilega er orðið *kerling* yfirleitt notað í dálítið neikvæðri merkingu nú á tímum. Það kemur reyndar gjarnan fyrir í gælutón þegar talað er við litlar stúlkur; jæja, kerlingin mín.

Hvaða orðflokkur er yfirleitt notaður til að lýsa fólki? [Húsfreyja er *ung*, Gilitrutt er *stórskorin* og *stórvaxin*.]

Svar: Lýsingarorð eru notuð til að lýsa fólki. Hugsum okkur texta þar sem engin lýsingarorð væru! Þá væri t.d. erfitt að lýsa regnboganum: „Hver er sá veggur...gerður af meistara höndum.“

greiða fyrir e-m: gera e-ð fyrir e-n

útmánuðir: tveir til þrjár síðustu mánuðir vetrar (einkum góa og einmánuður)

angurvær: hryggur, óglaður

Hvað merkir að *harma sig til dauða*?

Svar: Að ætla að **harma sig til dauða** merkir ekkert annað en það að vilja deyja af harmi, t.d. með því að svelta sig í hel. (so. *harma* skyld *harmur*: sorg).

Hátíðisdagar

Mjög algengt er að til tíðinda dragi á tilteknum hátíðisdögum eins og sumardegnum fyrsta eða jólanótt. Rifjið upp sögu sem gerist á einhverjum hátíðisdegi (hægt er að fletta upp orðum eins og ‘nýársnótt’ í atriðaskrá).

Svar: Mjög algengt er að til tíðinda dragi á merkisdögum ársins, t.d. á jólanótt, sbr. ævintýrið um Velvakanda og bræður hans, þegar trölíð rændi kóngsdætrunum. Oft vitja álfar manna á nýársnótt eða þrettándanótt og gera gjarnan óskunda. Þannig mætti lengi telja. Sumardagurinn fyrsti gegnir afar mikilvægu hlutverki í íslenskum sögum og veruleika, enda bíða menn þar sumarsins með óþreyju.

Greinarmerki

Setjið stóra stafi og greinarmerki í eftirfarandi texta (Munið íslensku gæsalappirnar! Munið einnig að afmarka ávarpsliði með kommu!):

hún snarar inn vaðmálsstranga miklum og segir hvað heiti ég nú hvað heiti ég nú konan var nær dauða en lífi af ótta og segir signý það heiti ég það heiti ég og gettu aftur húsfreyja segir kerling

Mælt er sérstaklega með að nemendur fái þjálfun í greinarmerkjasetningu. Kosturinn við að gera æfingu í texta eins og þessum er sá að hægt er að fara yfir jafnóðum með því að skoða textann eftir á.

Kennarinn þarf semsagt ekki að taka neitt með sér heim! Nemendur eru því miður sljóir gagnvart greinarmerkjum, t.d. muninum á tvípunkti og semikommu eða stöðu og útliti gæsalappa (þeir eiga erfitt með nákvæma staðsetningu á gæsalöppum, t.d. afstöðu þeirra til spurningarmerkis og kommu).

Orðaröð

Einu sinni bjó *bóndi einn ungur* austur undir Eyjafjöllum.

Er hægt að raða skáletruðu orðunum á annan hátt? Væri það auðveldara með því að sleppa einhverju orðanna?

Svar: Hér mætti segja: „Einu sinni bjó *ungur bóndi ...*“ og sleppa þá orðinu *einn*. *Einn* er hér ekki töluorð, heldur óákveðið fornafn (og merkir sama og *nokkur*).

Sérkennilegt tilsvor

„*Það heiti ég, það heiti ég, og gettu aftur, húsfreyja,*“ segir kerling.

Gilitrutt er að svara því hvort hún heiti Signý – en það heitir hún ekki og er í raun og veru að segja ‘ég heiti ekki Signý’. Hvers vegna segir hún „*Það heiti ég...*“?

Svar: Með því að svara húsfreyju á þennan hátt virðist Gilitrutt vera að ögra konunni, hæðast að henni. Þegar *háði* er beitt er oft sagt eitthvað þveröfugt við það sem raunverulega er átt við (*þú varst aldeilis skemmtilegur í gær* = þú varst alveg drepleiðinlegur).

Umræða

1. Eiga ungar konur að draga einhvern lærdóm af þessari sögu? Rökstyðjið svarið.
2. Reynið að komast að niðurstöðu um einhver almenn sannindi sem leynast í þessari sögu.

Svör

1. Konur eiga líklega að læra það að ekki þýðir að vera löt þegar maður er komin í hjónaband! Í því sambandi má velta fyrir sér hvort það hafi verið karl eða kona sem sagði þessa sögu!
2. Hér má vísa til þess sem sagt er hér að ofan um *boðskapinn*.

Hugleiðing

Lýsið hugsunum konunnar fyrst eftir að hún hefur losað sig við ullina og þarf ekki að hafa áhyggjur af vinnunni við hana.

Efnisspurningar

1. Hvers konar búskap stundar bóndinn? Hvernig tengist sá búskapur því starfi sem húsfreyja á að vinna?
2. Á hvaða degi kom Gilitrutt með vaðmálsstrangann?
3. Sýnið fram á að húsbóndi og húsfreyja hafi verið læs (og skrifandi).
4. Af hverju stöfuðu högginn sem bóndi heyrði í hólnum?
5. Nefnið dæmi um að bóndinn lini ekki þjáningar og hræðslu konu sinnar.

Svör

1. Þetta er greinilega sauðfjárbóndi. Ullin af kindunum kemur hér einmitt við sögu og tengist vinnu húsfreyju.
2. Á sumardaginn fyrsta.
3. Bóndinn skrifar nafn Gilitruutar á miða og konan les nafn hennar af miðanum.
4. Gilitrutt var að vefa.
5. Hann segir henni ekki strax frá því sem hann hefur komist að (nafn Gilitruutar). Og hann neitar að vera hjá henni daginn sem von er á Gilitrutt.

Suðurferða-Ásmundur

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna af Suðurferða-Ásmundi og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Minnir eitthvað í þessari sögu ykkur á ævintýri?**“

Að loknum upplestrinum: Nemendur eru nokkuð glöggir þegar kemur að *minnum* ævintýrana (prinsessa bundin við stól o.s.frv.). Í *Örfáum minnisatriðum* er bent á nokkur atriði sem augljóslega eiga sér hliðstæðu í ævintýrum.

Ræða um nauðsyn vetrarferða yfir hálendið á fyrri tíð: Norðlendingar fóru bæði á Suðurnes og vestur á Snæfellsnes til sjóróðra (vetrarvertíð) og þá var auðvitað allra verða von. Margir hafa orðið úti í slíkum ferðum. Hvarf ferðalanga hefur án efa ýtt undir sagnir af hættulegum útilegumönnum á hálendinu.

Vel mætti enda umfjöllunina um þessa sögu á því að spyrja börnin einfaldlega: Hvaða eiginleikum þarf ungur maður að vera gæddur samkvæmt þessari sögu ef honum á að farnast vel í lífinu? (áræðinn, hraustur, varkár, góðhjartaður o.s.frv.).

Örfá minnisatriði

Þessi saga tilheyrir þeim undirflokki útilegumannasagna sem kallast ‘Byggðamenn flýja í óbyggðir’. Sagan minnir um margt á ævintýri. Höfum t.d. í huga að hér birtist „töfradýr“ (hundurinn) og „töfragripir“ (kuflinn og öxin), einnig ýmis töfrabrögð (útilegumaðurinn hefur áhrif á heilsu Ásmundar og einnig hinar skyndilegu veðrabreytingar). Eins og ævintýrahetjur þarf Ásmundur að sigrast á þrautum og loks fær hann „prinsessuna“ að launum; við tökum reyndar eftir því að annar maður fær stúlkuna sem Ásmundur bjargaði úr klóm illvirkjanna. Sú stúlka er „bundin á hárinu við stólpa einn og mjög bleik og mögur orðin“. Það átti að neyða hana til að giftast öðrum illvirkjanum. Hér er því dæmigert ævintýraminni.

Í þjóðsögum og ævintýrum er oft eitthvað sérstakt við fæðingu persónanna. Stúlkan í þessari sögu er barn systkina. Eins og ævintýrahetjur er Ásmundur góðhjartaður (gefur hundinum bein og kerlingunni tóbak) en einnig hugaður. Vert er að veita ánni athygli sem skilur að „illu“ og „góðu“ útilegumennina. Mjög oft skilur fljót ólíka heima að í goðsögum eða ævintýrum.

Hér er minnst á viðkvæmt málefni, sem einnig þekkist úr raunveruleikanum: systkinaástir. Alloft ber slík mál á góma í sögum og ævintýrum. Hér má skynja að við þessu hefur legið þung refsing: systkinin urðu að flýja mannlegt samfélag og hafast við í óbyggðum til æviloka.

Orðskýringar

...og voru æ sömu menn með honum.

Hvað merkir orðið ‘æ’? Hvaða orðflokki tilheyrir það?

Svar: Orðið æ merkir hér „alltaf“ og er atviksorð (í öðru samhengi getur æ verið upphrópun).

Hvað merkir að *binda hesta á streng*?

(Skoðið Íslenska orðabók. Flettið upp orðinu ‘strengur’.)

Svar: Orðasambandið að *binda hest á streng* merkir að tjóðra hest með e.k. reipi.

ygglur: grettur, illúðlegur, sem veldur ugg (sbr. orðið ‘uggur’: ótti)

sæng: (hér) rúm

var ekki trútt um: var ekki laust við (sbr. orðið trúr)

láta sig viðurkennast: láta sig játa, samþykkja (að giftast öðrum þeirra)

Landafræði

Þeir voru um nótt á Melum í Hrutafirði og ætluðu um morguninn að leggja upp á heiðina.

1. Við hvaða heiði er átt? Skoðið landakort.

Svar: Átt er við Holtavörðuheiði.

2. Athugið einnig hvaðan Ásmundur er.

Svar: Ásmundur var úr Skagafirði.

3. Hvaðan er stúlkan sem fannst bundin hjá útilegumönnunum?

Svar: Hún var úr Eyjafirði.

Umræða

Ræðið hugtökin glæpur og refsing í sambandi við þessa sögu.

Svar: Foreldrar stúlkunnar voru systkini. Þau höfðu því gerst sek um ólöglegt athæfi. Refsingin sem þau kölluðu yfir sig var að yfirgefa mannlegt samfélag, láta sig hverfa, til að komast undan réttvísinni. Þau kusu semsagt að lifa einangruð til dauðadags í stað þess að láta dæma sig til harðrar refsingar, sennilega lífláts. En þau vildu að dóttirin bjargaðist, og faðir hennar finnur ráð til þess enda gæddur yfirnáttúrlægum krafti.

Efnisspurningar

1. Í hvaða erindagjörðum fór Ásmundur suður yfir heiðar á miðjum vetri?
2. Nefnið dæmi um að faðir stúlkunnar sé göldróttur.
3. Stúlkan ætlar að fara með sokkaplög Ásmundar til að þurrka þau, hvers vegna vill Ásmundur ekki að hún geri það?
4. Hvað er sérstakt við foreldra stúlkunnar?
5. Hvaða grikk gerðu 'vöndu útilegumennirnir' nágranna sínum?
6. Er hægt að tala um að karlsdóttir hafi fengið einhverja menntun?
7. Hver hafði afskipti af giftingu eyfirsku stúlkunnar?
8. Hvað er eyfirska stúlkan marga heila vetur á heimili karlsdóttur?

Svör

1. Hann fór suður til sjóróðra (á vertíð).
2. Hann framkallar óveðrið og einnig veikindi Ásmundar í Hrutafirði.
3. Hann hélt að fólkið ætlaði að svíkja sig (vildi hafa fötin hjá sér ef hann þyrfti að flýja).
4. Þau eru systkini.
5. Þeir láta allan snjó sem fellur í dalinn falla þeim megin árinna sem bóndinn er.
6. Hún lærði „ýmsar iðnir“ af eyfirsku stúlkunni.
7. Ásmundur hafði milligöngu um að útvega eyfirsku stúlkunni skagfirskan mann.
8. Tvo heila vetur.

Samanburður

Hér fer á eftir sagan af Ásmundi á Fjalli (JÁ II:256–258). Lagt er til að nokkrir nemendur verði fengnir til að lesa þessa sögu og endursegja hana. Einhverjir þeirra mundu svo draga fram nokkur atriði sem aðgreina sögunar tvær. Þetta er afar lærdómsríkt og kennir okkur m.a. hvað sambærilegar sögur geta birst í ólíkum gerðum (kjarninn er sá sami en birtingarformið gjörólíkt).

Saga af Ásmundi á Fjalli

Maður hét Ásmundur, bóndason á Fjalli í Kolbeinsdal [í Skagafirði] - Sterkur var hann og fríður sýnum og virtist hverjum manni vel. Oft gekk hann til Hóla og fékk að skoða bækur hjá skólapiltum; njósnaði hann um marga hluti er fróðleikur var í og lærði mikið í skólalærdómi þótt ekki væri hann reglulegur lærisveinn talinn.

Það bar til eitthvort sinn að biskup þurfti að senda peninga til Skálholts; fékk hann til þess skólapilt er Sigurður hét. Þetta var um vetur og þótti illt að einn maður legði á fjöll. Sagði biskup Sigurði að kjósa sér mann til fylgdar, hvurn er hann vildi. Sigurður kaus Ásmund. Var leitað við hann um þetta og vildi [hann] gjöra það ef faðir hans leyfði. Var nú þetta borið upp við hann, en hann var mjög tregur. En af því Ásmundur vildi fara varð það um síðir að faðir hans leyfði það.

Búast þeir til ferðarinnar, héldu af stað og gekk greitt suður, luku erindum sínum í Skálholti, snéru síðan til baka. Á fjöllumunum dimmdi veður; kom á þá drífa svo mikil að þeir villtust. Spur þá Ásmundur hvað til ráða væri.

Sigurður mælti: "Þar eru ráðin sem þú ert, ella eru engin."

"Þá er mitt ráð að við skiljum," mælti Ásmundur, "og mun hríð þessi af manna völdum, en ekki af náttúrunnar, og muntu brátt komast á rétta leið þá við erum skildir því mér mun önnur ferð ætluð."

Sigurður var næsta tregur til þessa, en þó varð að vera sem Ásmundur vildi. Bað Ásmundur hann flytja kveðju sína í byggðina og skildu síðan. Ei hafði Sigurður lengi gengið þá veður birti. Komst hann á rétta leið og hélt heim síðan, sagði tíðindin. Þegar faðir Ásmundar heyrði þau lagðist hann í rekkju af sorg eftir son sinn og taldi hann vera dauðan.

Ásmundur hélt áfram ferðinni, en ekki birti hríðin og ekki vissi hann hvort hann hélt. Um síðir kom hann í dal einn, gekk eftir honum nokkra stund. Þá kom hann að bæ einum reisuglegum. Þetta var um kveld. Sér hann koma fram í dyr börn tvö stálpuð. Hann heilsar þeim. Þau tóku því. Biður hann þau skila til húsbónda að hann beiðist húsa um nóttina; hlupu þau inn.

Brátt kom út aldraður maður og ekki ófríður. Hann gengur að Ásmundi þegjandi, tekur hann glímütökum. Ásmundur var þreyttur, en verður þó að taka móti karli þó örðugt væri þar hann var í öllum vosklæðum. Sviptast þeir fast og lengi. Þóttist Ásmundur hafa nóg að verjast. Þó lauk svo glímunni að karl féll.

Ásmundur gaf honum líf og lét hann upp standa. Þá þrífur karl hann í annað sinn og heldur fastara en fyrr. Varð þeirra aðgangur bæði harðari og lengri en áður og þó féll karl um síðir. Enn gaf Ásmundur honum líf og leyfði upp að standa, en karl lét ekki bíða að taka til hans í þriðja sinn; var hann nú hinn ákafasti og þótti Ásmundi óvænlega horfa fyrir sér.

Í þessu bili kom stúlka fram í dyrnar með ljós. Ásmundur leit hana og þótti svo fögur að hann hugsaði meir um hana en glímuna. Neytti karl þess og felldi hann, en mælti síðan:

"Nú mun ég láta þig njóta sjálfs þín og gefa þér líf ef þú vilt þiggja."

Ásmundur kvaðst það þiggja mundi, "en falli mínu olli hin fagra mæ er með ljósið kom."

Stendur þá Ásmundur upp og leiðir karl hann í baðstofu og er nú hinn kátasti svo sem ekkert hefði í skorist. Allt þótti Ásmundi þar lýsa þrifnaði og kurteisi. Hann sá gamla konu fríða sitja á palli og börnin er til dyranna gengu. Hann heilsar konunni. Tók hún því vel. Er honum síðan vísað til sætis og var hin fagra mey látin draga af honum klæðin. Síðan færði konan honum mat. Borðaði hann með góðri matarlyst, fékk síðan gott rúm að sofa í og þjónaði meyjan honum til sængur; litu þau hýrlega hvurt til annars. Nú leggst Ásmundur til svefnis og svaf hann vel um nóttina.

Um morguninn er karl snemma á fótum og býður Ásmundi góðan dag. Klæðir hann sig og ganga þeir síðan út báðir; var þá bjart veður.

Karl mælti þá: "Vita skaltu að ég er föðurbróðir þinn, en kona mín er biskupsdóttir; varð hún þunguð eftir mig þá hún var heima. Sá ég því mitt óvænna og flúði því með hana í dal þennan. Litlu síðar ól hún dóttur og er það sú sama er ljósið bar í dyrnar. Hin börnin höfum við eignast síðan. Við gátum flutt með okkur eldsgögn, og fáar kindur átti ég er ég náði seinna. Enga höfum við rænt eður illa með farið á nokkurn hátt og hafa engir fundið oss. Nú veit ég hvað líður í sveitinni því ég átti einn trúan vin er mig fræddi um slíkt og líka hef ég lítið eitt kunnað, og hríðinni olli ég því ég vildi finna þig, en því tók ég svo illa móti þér í gærkveld að ég vildi prófa styrkleik þinn og þykir mér hann ærinn orðið hafa því vel vissi ég að þú varst þreyttur. Nú vildi ég að þú værir hér í vetur okkur til skemmtunar."

Ásmundur þáði boðið og var þar um veturinn. Skemmti hann sér við bóndadóttur; var þar ekki um talað af neinum.

Um vorið bjóst Ásmundur til heimferðar. Þá mælti karl: "Nú munum við hjónin eiga skammt eftir ólifað, en ég vildi biðja þig að sjá til að við yrðum greftruð eins og kristnir menn. Þá vil ég að þú gengir að eiga dóttur mína og mun ykkur það ekki fjærri skapi. Enn vil ég biðja þig að taka börn mín og útvega þeim fóstur og kennslu. En dóttir mín vona ég sé vel að sér í andlegum efnum og hin líka að því leyti sem aldur leyfir. Sjálfur mun ég smíða utan um líkhami okkar."

Að svo mæltu kvöddust þeir innilega og skildi Ásmundur við það fólk allt með harmi, hélt síðan heim eftir leiðsögn gamla mannsins; kemur nú að Fjalli, hitti móður sína; varð hún stórglöð að sjá hann lifandi, en segir að faðir hans lá í sorg eftir hann og kveðst vilja fara og bera sig að hressa hann með von um komu hans því ske mætti hann dæi af svo snöggum umskiptum sorgar og gleði. Hún fer inn og finnur hann að máli og spur hvurnig heilsu hans er varið. Hann segir hana ei betri en áður.

"Nú get ég fært þér góð tíðindi, sem eru að ég hef von um að sonur okkar lifi. Vildi ég að þú gætir orðið hressari ef ske mætti hann heimsækta okkur bráðum."

Við orð þessi lifnaði karl mikið og svo gat hún talið um fyrir honum að hann settist upp, og er hann var svo hress sem henni líkaði sótti hún Ásmund. Kom hann inn og heilsar föður sínum. Varð þar óumræðilegur fagnaðarfundur. Eftir þetta segir hann þeim allt af ferðum sínum og þótti föður hans mikið að heyra slíkt; hélt hann bróður sinn fyrir löngu dauðan.

Batnaði honum skjótt veikin og varð heill heilsu. Ásmundur fór nú heim til Hóla; var honum þar vel fagnað af Sigurði og öllum. Er hann síðan heima um hríð.

Eina nótt dreymir hann að frændi hans kom að honum og mælti: "Nú er mál að þú búir þig af stað og finnur mig, og fá þér góða menn til fylgdar og fararskjóta sem nægja."

Þegar Ásmundur vaknar segir hann föður sínum drauminn, fær sér menn og hesta og ríður í dalinn. Vóru þá hjónin nýlega önduð; höfðu börnin kistulagt þau. Tóku þeir líkin, börnin öll og allt er þeir máttu með komast úr bænum og fluttu heim að Fjalli; var það þó mjög löng leið.

Líkin vóru greftruð að Hólum og drakk Ásmundur erfi eftir hjónin. Eftir þetta giftist hann meyjunni er honum leist best á; vóru þeirra samfarir góðar. Börnin lét hann fá gott uppeldi og urðu þau bæði vænar manneskjur, en ei er þeirra hér framar getið.

Ásmundur bjó að Fjalli eftir föður sinn, en ekki veit ég að segja frá afkvæmi hans. Sumir segja að Sigurður giftist yngri systurinni, en bróður þeirra ætti systur Sigurðar. Ljúkum vér svo þessari sögu.

Draugssonurinn

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna af draugssyninum og síðan þurfið þið að svara eftirfarandi spurningu: „**Hvers vegna þurfa syndir föðurins að bitna á syni hans?**“

Að loknum upplestrinum: Sonurinn var auðvitað alsaklaus. Í 2. Mósebók (20) segir að misgjörðir feðranna bitni á börnunum í þriðja og fjórða lið. Kannski er það algengara en okkur grunar, að eitthvert gæfuleysi hvíli á fjölskyldum ættlið eftir ættlið.

Þetta er ein af okkar fjölmörgu draugasögum. Draugur hefnir sín á stúlku sem hann fékk ekki að eiga í lifanda lífi. En auðvitað var stúlkan saklaus (rétt eins og sonur hennar síðar), því það var faðirinn sem ekki vildi gifta manninum stúlkuna.

Í „Örfáum minnisatriðum“ er minnst á hvað stutt getur verið milli ástar og haturs. Þetta mætti ræða út frá því sem við þekkjum á líðandi stund, sbr. t.d. hjónaskilnaði og hatramar deilur í kjölfarið.

Gott væri að ræða lauslega um *minni (mótif)*. Í þessari sögu eru nokkur alþekkt minni, sbr. steininn og snærið sem hindra drauginn í að komast aftur í gröf sína. Þannig má ná upplýsingum út úr honum. Annað alþekkt minni eru *þrír blóðdropar sem sönnunargagn*. Loks skal nefnd *kirkju sem sekkur* (eða hefði sokkið ef ekki hefði verið tekið í taumana á ögurstund). Það sem er m.a. merkilegt í sambandi við minnin er það að sama minni getur birst í mjög ólíkum sögum. Þannig sekkur kirkjan í Hruna vegna þess að presturinn hélt dansleik í kirkjunni og vildi ekki hætta leiknum þótt móðir hans varaði hann við. Í þeirri sögu virðst sjálfur Kölski stjórna aðgerðinni. Kirkjan sökk, og fólk sem kom að skömmu síðar heyrði ýlfur og gaul hinna skemmtanafúsu kirkjugesta niðri í jörðinni (sjá J.Á. II:11–12). Gleðin hafði snúist í örvæntingu.

Örfá minnisatriði

Draugasögur eru geysivinsælar á Íslandi, og enn myndast slíkar sögur. Sagt er að nágrannaþjóðir okkar eigi ekki nándar nærri eins mikið af draugasögum og við. Oft tengjast þær myrkri og vetri en einnig slysförum og drukkunum. Draugasögur skiptast í marga flokka og undirflokka. Hér er um að ræða sögu af afturgöngu sem í lifanda lífi hafði verið neitað um að eignast prestsdóttur. Ástin breytist í andstæðu sína og draugurinn ætlar að láta hatrið bitna á öllu samfélaginu (sökka kirkju fullri af fólki). Snarræði vinnumanns veldur því að áform draugsins mistakast. Fyrir afrek sitt fær vinnumaður að lokum prestsdótturina fyrir eiginkonu. Þetta gæti minnt á karlsson sem eingast kóngsdóttur í ævintýrum. Segja má að þessi saga endi vel (eins og ævintýrin) en algengt er að draugasögur endi illa.

Mörg alþekkt þjóðsagnaminni koma fram í þessari sögu, t.d. snærið og steinninn sem hindra för draugsins í gröfina; einnig kirkjan, sem á að sökka, og blóðdroparnir þrír.

Orðskýringar

forlög: örlög (fyrirfram ákveðin)

taka rökin eftir einhvern: fá konu sem hefur eignast barn með öðrum (merking orðasambandsins tengist heyskap: taka heydreifar, sbr. sögnina að raka).

blóðlifur: storknað blóð

kenndi ókennda manninum: sagði óþekkta manninn vera föðurinn

ókenndur: óþekktur, ókunnugur (orðið hefur hér ekkert með áfengi að gera!). Sögnin *kenna* merkir oft þekkja, sbr. dönsku: *kende*).

gráta (kvk); yfirleitt í fleirtölu: ‘grátur’: altarisgrindur

Greinarmerki

Setjið upphafsstafi og greinarmerki í eftirfarandi texta:

hvað mun leiða af þessu segir vinnumaður hún mun verða barnshafandi sagði draugur og ala sveinbarn segðu mér forlög hennar og barnsins sagði vinnumaður þú færð ekki að fara ofan í gröfina fyrr en þú ert búinn að því

Umræða

Þessi saga er full af andstæðum. Minnum börnin á hve andstæður eru mikilvægt og áhrifamikið stílbragð. Við beitum andstæðum næstum ósjálfrátt á hverjum degi. En í skáldskap er því beitt af listfengi til að auka áhrifamátt textans (ást – hatur; líf – dauði; andi – maður o.s.frv.)

Athyglisverð umræða gæti í framhaldinu sakapast um tilfinningasveiflur.

Prestsdóttirin eignast efnilegan son sem er haldinn illum anda. Menn vita þetta ekki fyrr en hann er dauður; þá fyrst birtast „sönnunargögnin“, herðarblað og blóðlifur (eða blóðdropar). Eftir stendur sú staðreynd að verðandi eiginmaður drap son konunnar. Gætum við búið til aðstæður þar sem slíkt mundi gerast í raunveruleikanum?

Elskaði prestsdóttirin vinnumanninn? Við gætum leitt rök að því: Þau höfðu þekkt mjög lengi; presturinn var hrifinn af honum enda var hann „aðgætinn og duglegur“. Hann var líka hugrakkur (þorði að fara út í kirkjugarð um nótt og þorði að stinga unga prestinn á hol.

Kannski mætti spyrja: Hversu hugrakkir mega menn vera? Hvar endar skynsamlegt hugrekki og hvar byrjar fífldirfskan? Megum við drepa mann ef við erum ekki viss um að hann ætli að fremja ódæði?

Oft er rætt um „drauga fortíðarinnar“, „líkið í lesinni“ o.s.frv. Atvik úr fortíðinni geta angrað fólk til æviloka. Vel má hugsa sér að lesa sögu eins og þessa táknrænt: Það er eitthvað sem menn byrgja inni, vilja ekki ræða, svo árum skiptir. En loks brestur stíflan og sannleikurinn kemur upp á yfirborðið. Þá líður mönnum betur og geta kannski hafið eðlilegt líf.

Hugleiðing

Lýsið hugsunum prestsdótturinnar áður en hún gengur í hjónaband með vinnumanninum. Beitið 1. persónu frásögn.

Efnisspurningar

1. Er getið um örnefni eða mannanöfn? Skiptir það máli?
2. Flestar þjóðsögur hafa eitthvað yfirnáttúrlegt að geyma, bendið á nokkur yfirnáttúrleg atriði.
3. Hvers vegna var vinnumaður undarlegur á svip í kirkjunni?

Svör

1. Engin staðarnöfn koma fram, ekki heldur mannanöfn. Við vitum ekkert hvar á landinu sagan gerðist né hvenær þetta var. Slíkt gefur frásögninni almennari skírskotun en annars væri: þetta gæti semsagt hafa gerst hvar og hvenær sem var! (Kannski einhvers staðar nálgægt *mér!* Er ég kannski haldinn illum anda! Er ég kannski óvelkominn í heiminn?)
2. Hér er margt óraunverulegt, sbr. drauginn og opnu gröfina og svo það að sama og ekkert verði eftir af manninum þegar hann er dauður.
3. Eðlilegt er að vinnumaður sé undarlegur á svipinn. Hann er með hníf undir klæðum og ætlar að drepa sjálfan prestinn sem er sonur konunnar sem hann hefur elskað öll þessi ár. Það hlýtur að sjást á svip hans að honum líður ekki mjög vel.

Átján barna faðir í álfheimum

Kennarinn: Heyra allir mál mitt? Nú hlustum við á söguna af átján barna föður í álfheimum og síðan svarið þið eftirfarandi spurningu: **Hvers vegna breytast börn stundum úr fyrirmyndarbörnum í óþekktarorma.**

Það er kannski er einmitt hvað mest spennandi að ræða þessa sögu við unglunga út frá spurningunni um orsakir breyttrar hegðunar barns. Foreldrar standa frammi fyrir þeirri staðreynd að börnin verða „óþæg“. Foreldrarnir leita hjálpar sérfræðinga, rétt eins og konan leitaði til grannkonu sinnar sem var „margfróð“. Og svo er gripið til aðgerða. Hér er barnið hýtt, en nú á dögum er stundum farin sú leið að gefa lyf; sú leið er umdeild, alveg eins og „gamla aðferðin“ að refsa börnum harkalega.

En hvers vegna verða sum börn erfið (erfiðari en önnur)? Þetta gæti stundum stafað af ytri aðstæðum: erfiðleikum á heimili, einelti í skóla o.s.frv.

Í þessaari sögu birtast álfar í rauninni sem vondar vættir: þeir stela börnum frá mannfólkinu. En í öðrum sögum laðast álfar að mönnum og öfugt, sbr. „Örfá minnisatriði bls. 66 um ástir álfa og manna. Almennt má segja að álfar launa dygðir manna en hefna sín grimmilega ef þeim er ógnað á einhvern hátt.

Þetta er ein af okkar þekktustu álfasögum. Hún greinir frá skelfingu móðurinnar þegar hún kemst að því að eitthvað amar að barninu hennar. Hún ásakar auðvitað sjálfa sig fyrir að hafa ekki gætt barnsins nógu vel.

Örfá minnisatriði

Álfasögur tengjast oft vori og sumri og þar er gjarnan litadýrð (álfkonur t.d. fallega klæddar, í bláum kjól). Að því leyti eru álfasögur andstæða draugasagna sem segja má að séu svart-hvítar. Álfasögur lýsa gjarnan ástum og ástarsorg og endirinn því gjarnan með harmrænum blæ. Oft birtist í þeim draumur um betra líf, ríkidæmi og góða og skilningsríka eiginmenn.

Þessi álfasaga tilheyrir flokki sem segir frá **umskiptingum**. Leiða má að því líkur að slíkar sögur séu tilraun til að skýra afbrigðilega hegðun barna eða skyndilega breytingu á hegðun þeirra. Í þessari sögu fer betur en á horfðist. Sögunni virðst m.a. ætlað að benda konum á að fara ekki frá börnum sínum.

Orðskýringar

mjólkurtrög: mjólkurílát

hrína: orga, gráta

það vex og ekki: það vex ekki heldur (athugið merkingu orðsins ‘og’ í þessu samhengi: einnig, líka)

hyggjin og margfróð: hér er látið liggja að því að grannkonan búi yfir hæfileikum sem telja verður yfirnáttúrliga.

inna: spyrja; inna einhvern eftir einhverju: spyrja einhvern um eitthvað

málavextir um *málavöxtu:* (gömul þófallsbeyging í fleirtölu; nú: um málavexti)

umskiptingur: álfur (venjulega gamall) sem látinn er í stað mennsks barns sem álfar tóku

nýlunda: eitthvað nýtt; nýjung

strýkja: húðstrýkja, hýða

skipast um: breytast

þvara: einhvers konar sleif

grön, ft. *granir:* skegg, skeggstæðið kringum munninn

gaur: (hér) skaft

grýta: pottur

Stílfraeðileg atriði

1. Nú er ég svo gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum, og hef ég þó aldrei séð svo langan gaur í svo lítilli grýtu.

Oft er bein ræða kjarnyrkt og jafnvel stuðluð í þjóðsögum. Þannig fær hún aukinn kraft og hljóm. Mikilvægt getur því verið að læra sum tilsvör eða stef í þjóðsögum utanbókar ef sagan er sögð.

Finnið stuðla í ræðu átján barna föður í álfheimum. Farið yfir söguna og finnið fleiri dæmi um stuðlun (t.d. í orðapörum); óvenjumikill hljómur er í þessari sögu.

Svar: Við sjáum hvað stuðlunin er áhrifamikil í ræðu átján barna föður í álfheimum: g – g; á – á; l – l; g – g. Vel mætti láta börnin benda á fleiri dæmi um stuðlun í þessari sögu (fólk allt var á engjum: vaxið og vel dafnað o.s.frv.).

2. Orðapör, þ.e. orð sem standa hlið við hlið og eru sambærilegar merkingar, eru eitt af einkennum munnlegra frásagna. Skrifid hjá ykkur nokkur slík pör í þessari sögu og takið fram hvaða orðflokki þau tilheyrja.

Svar: Hliðstæðupör: *ámátlegar* og *illilegar* (atviksorð í miðstigi); *þýðlynt* og *þægt* (lýsingarorð); *óhljóð* og *illhrinur* (nafnorð); *keipótt* og *rellið* (lýsingarorð); *hygginn* og *margfróð* (lýsingarorð).

(Hér má svo benda á stílbragðið *andstæður* þar sem annars vegar er talað um þýðlynt og þægt barn og hins vegar um keipótt og rellið barn; hér eiga þessar andstæður afar vel við til að lýsa þeirri breytingu sem orðin er á barninu.)

Umræða

1. Ræðið um konurnar þrjár sem birtast í sögunni, hæfileika, innræti o.s.frv. Var grannkonan gædd yfirnáttúrlægum hæfileikum?

Höfum í huga að í þjóðsögum er það ekki talið neikvætt að vera göldróttur svo framarlega sem menn beittu göldrum sínum til góðs.

Svar: Við kynnumst hér þremur gerðum kvenna: húsfreyju sem elskar barn sitt; álfkonu sem vill eignast þægt barn og fórnar bónda sínum í því skyni; og loks grannkonu sem býr yfir galdrakrafti en beitir þeim krafti til að hjálpa húsfreyju (beitir þekkingu sinni í þágu góðs málstaðar). Það mætti ræða hvatir álfkonunann í tengslum við barnsrán í nútímanum til að sýna fram á hve langt fólk getur gengið til að fá þrjár sínar uppfylltar. Í þessari sögu virðist álfkonan fara vel með barnið, sbr. orð hennar: „Ég dilla barni þínu.“

2. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

Svar: Margs konar lærdóm mætti draga af sögunni. (Fólk verður að gæta barna sinn vel því hættur leynast víða; nágrannar geta veitt ómetanlega hjálp (sérfræðingar eru mikilvægir!); stundum þarf að grípa til óvenjulegra ráðstafana til að fá leiðréttingu á málum sínum.

Verkefni

Endursegið söguna munnlega – skrifið tíu lína útdrátt.

Hugleiðing

Lýsið hugsunum álfkonunnar þegar hún er nýbúin að taka barnið og skilja bónda sinn eftir í mannheimum. Haldið ykkur við 1. persónu frásögn.

Efnisspurningar

1. Hvar var hitt fólkíð á bænum í upphafi sögu og hvað var það að gera?
2. Hvað ráðlagði grannkonan húsfreyju að gera?

Svör

1. Fólkíð var á engjum við heyskap.
2. Grannkonan ráðlagði húsfreyju að skilja barnið einhvers staðar eitt eftir, liggja síðan á hleri og athuga hvort það mundi segja eitthvað óvenjulegt; síðan skyldi hún strýkja barnið vægðarlaust uns eitthvað gerðist.